



Kristinn G. Harðarson



Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Municipal Art Museum
v/Flókagötu, 105 Reykjavík

Júlí - september 1994

Á hverjum tíma eru ávallt til listamenn sem leita nýrra leiða við listsköpun sína og leggja sig fram við að umturna hugmyndum manna um listina. Kristinn G. Harðarson er einn slíkra listamanna. Kristni hefur tekist að skapa sér persónulegt rými í íslenskum myndlistarheimi. Hann dvelst nú vestan hafs og hefur gert um nokkurt skeið. Forvitnilegt er að sjá hvaða áhrif sú dvöl hefur haft á leik hans og tilraunir. Það er menningarmálanefnd Reykjavíkur í senn gleði og heiður að fá tækifæri til að kynna verk Kristins G. Harðarsonar hér að Kjarvalsstöðum.

There are artists at all times who seek new approaches in their work and strive to overturn accepted opinions of what art involves. Kristinn G. Hardarson is one such artist who has succeeded in establishing a personal place for himself on the Icelandic art scene. He has been resident in America for some time and it is interesting to see the effect that living there has had on his artistic games and experiments. It is both a pleasure and an honour for the Cultural Committee of the City of Reykjavík to have the opportunity to present Kristinn G. Hardarson's works at Kjarvalsstaðir.

Kristinn G. Harðarson

Dundað í huglægu rými

Leikur og dund

Lagt er af stað í leik og dundi án sjáanlegs eða skiljanlegs tilgangs, í veganesti einungis óeirð eða óljós eftirvænting. Leikurinn og dundið fylgja vissum leikreglum þó erfitt sé að henda á þeim reiður, og hægt sé að toga þær og teygja á ýmsan hátt, þá loða þær samt einhvern veginn saman. Það er leitað í ýmsar áttir, ókunn lönd könnuð og tekið til við að finkemba — aðallega óafvitandi — hið tiltölulega afmarkaða svæði sem umritar einstaklinginn en er samt margbrotið og víðfeðmara en svo að það verði nokkurn tímann fullkannað. Smekkur og skoðanir, það lærða og persónubundna, setja reglurnar, fylgja þeim eftir og eru einnig landamæraverðir.

Hinn íslenski alþýðufræðimaður

Íslenski alþýðufræðimaðurinn hefst handa án verulegrar kunnáttu í leikreglum fræðanna en hefur haft af þeim einhvern pata. Hann fetar í fótspor fjölda annarra sem öldum saman hafa skráð bókstaflega allt sem á vegi þeirra varð (að mestu leyti án dýpri innri vangaveltna, efnið svona líkt og rann viðstöðulaust í gegn), það sem kom lífi þeirra og samfélagsins: sýslunnar, hreppsins, þorpsins, dalsins og næsta nágrennis eitthvað við: sjávarhrakningar og skipsskaðar, óveður og almennar veðurlýsingar, kynlegir kvistir, hetjudáðir, gæðingar og forystusauðir, ættfræði, kímni-sögur ...

Dabbling with Subjective Space

Games and dabbling

Embarking on games and dabbling with no visible or comprehensible purpose, equipped with only restlessness or vague expectation. Certain rules govern these games and dabbling, even though they are difficult to identify, and while they can be pulled and stretched in various ways, they still manage to stick together somehow. Searching in various directions, exploring uncharted lands, beginning to comb — mainly unconsciously — the relatively limited area that circumscribes the individual but is magnificent nonetheless, and too extensive ever to be fully explored. Taste and opinions, the acquired and the personal, make the rules and enforce them, and act as border guards too.

The Icelandic amateur scholar

The Icelandic amateur scholar starts off without any substantial knowledge of academic rules, although he has an inkling of them. He follows in the footsteps of numerous others who over the centuries have recorded literally everything that came their way (largely without deeper inner speculation, the material seemed to run through without stopping), anything affecting in some way their lives and that of the community, the district, parish, village, valley and locality: disasters at sea and shipwrecks, storms and general descriptions of the weather,

Huglægt rými

Verkin standa sjálfstætt en saman mynda þau heild, heildarform, skulum við segja. En það gerist aðeins í huga þeirra áhorfenda sem kynnt hafa sér grunneiningarnar, en ákveðinn klasi myndar vissa einingu. Önnur form (annarra listamanna) geta skarað heildarformið, en þó er samt líkt og það sé aldrei nákvæmlega sama svæðið þegar til kemur. Heildarformið afmarkast af því sem er innan þess, hið ytra af því sem það er ekki. Í upphafi ferils var efninu hlaðið upp, en er komið var að ákveðnum punkti var tími til kominn að staldra við svo yfirvegunin gæti tekið til starfa. Hún valdi úr: Þetta vil ég! Þetta vil ég ekki! Eftir fyrir-mælum hennar voru hinir visnu hlutar höggðir af. Hún er enn að störfum, einnig viss upphleðsla, og heildarformið því enn í mótun. Vonandi á það enn eftir að skýrast og styrkjast.

Þróunarferillinn er eitthvað á þessa leið: Fram og til baka, eða jafnvel hring eftir hring; umfang athafna-svæðisins stækkar og færist dálftið til.

Tilfinningin við stjórnvölinn

Tilfinningin stjórnar framvindunni og fer sínu fram jafnvel þó það virðist ganga þvert á það sem á undan er gengið. Frekar er farið villur vegar en hina rökréttu framhaldsleið án fylgdar hugans og tilfinninganna. Stundum skiptir tilfinningin sér og fer samtímis í margar áttir í einu, sem getur fylgt svífandi öryggis- og frelsistilfinning en einnig taugaveiklun, ef þannig stendur á, og í kjölfarið drepanði tótleiki þegar setið er og horft á

local eccentrics, heroic feats, pedigree horses and bell-wethers, genealogy, amusing tales ...


Subjective space

The works stand independently but together they create a totality, let us say a total form. But this only happens in the minds of the viewers who are familiar with the basic units, which are formed from a specific cluster. Other forms (by other artists) can intersect with the total form, yet this never seems to be exactly the same area when all is said and done. The total form is limited by what is within it, and its exterior by what it is not.

At the start of the process the material was piled up, but on reaching a certain point, the time came to pause and allow the process of reflection to operate. It chose: I want that! I don't want that! In accordance with its directives, certain parts were chopped off. It is still at work, and so is a certain act of piling up, so the total form is still being shaped. Hopefully it will become even clearer and stronger. The process of development is something along the following lines: forwards and backwards, or even circle after circle; the scope of the area of activity grows and shifts.

Feelings at the helm

What follows is governed by feelings, which get their own way even if this appears to be in direct contradiction of what has gone before. Going astray is preferable to following the logical course ahead without the company of thought and feelings. Sometimes, the feelings split up and head in many directions at once,



eftir pörtunum hverfa í fjarska eða bak við hæð.

Hvað skal gera þegar athyglin og áhuginn beinast sífellt í nýjar áttir? Skal reyna að þvinga þau eftir ákveðnum farvegi eða fylgja þeim, takmarka við eitthvað eitt eða lofa þeim að leika óheftum?

Umfjöllunin reisir útsýnispall og er vonandi að þaðan sé gott útsýni yfir einstök verk og heildarformið og að sem minnst skyggi á.

Minning fæðist

Hversdagslegur staður eða atvik tekur smátt og smátt að umbreytast og endurfæðast í huganum (stundum með hjálp ljósmyndar), fær á sig annan blæ eða afklæðist öllu nema grunntilfinningunni eða úr verður sambland fyrirmyndar og huglægrar úrvinnslu. Einn góðan veðurdag hefur kannski auði búðarglugginn í miðbænum fengið á sig yfirbragð minningar.

Nýjar myndir fæðast stöðugt. Þær styrkjast í vitundinni og dofna síðan, styrkjast svo kannski aftur löngu seinna, dofna aftur ... en hverfa sjálfsagt aldrei að fullu.

Hugurinn starfar

Maður sér hlut, hugsar svo um hann. Hlutturinn tekur að umbreytast í huganum, fær á sig annan blæ og blandast jafnvel öðrum. Hann dreymir draum (dagdraumar eru einnig inni í myndinni) sem byggir á ákveðinni undangenginni skynjun, atburði eða mynd, jafnvel nokkrum slíkum — frumþættirnir ósýnilegir eða torkennilegir.

Maðurinn hugsar um drauminn sem blandast öðrum atriðum, samsettum eða einstökum.

Að því er virðist starfar hluti hugans

which can be accompanied by a soaring feeling of security and freedom, but also by neurosis if the conditions are ripe, followed by an overpowering sense of emptiness from sitting there watching the parts vanish into the distance or behind a hill.

What is to be done when attention and interest are continually moving in new directions? Try to force them into a definite course or follow them, restrict them to a single thing or give them free rein?

Discussion erects a platform which hopefully gives a panorama over individual works and the total form, with the view obstructed as little as possible.

A memory is born

An everyday place or event gradually starts changing and is born again in the mind (sometimes with the aid of a photograph), assumes a different air or strips down to nothing but its basic feeling, or creates a combination of a model and its subjective elaboration. One fine day the empty downtown shop window might have assumed the air of a memory.

New images are constantly being born. They strengthen in the consciousness and fade afterwards, perhaps strengthen again long afterwards, fade again ... but of course never vanish entirely.

The mind at work

Someone sees an object, then thinks about it. The object starts changing in the mind, assumes a different air or even merges with others. He dreams a dream (daydreams included) based on a definite prior perception, event or image, even

dálítið sjálfstætt, líkt og sjálfstæð eining óháð öðrum hlutum líkamans, mismikið þó eftir dögum, suma dagana alveg stjórnlaust eða sjálfstætt. Hann vinnur úr þeim upplýsingum sem skynjunarrásirnar afla honum og minnisbankinn í heilanum hefur að geyma: ýmiss konar staðreyndir, lykt, myndir, hljóð, blandað missterkum og mis-skýrum tilfinningum sem berast einhvers staðar djúpt úr myrkrinu. Hugurinn vinnur með bútana, raðar þeim saman og prófar ýmsa samsetningarmöguleika. Það gengur mishratt eftir dögum og er missterkt. Ekki er það heldur alltaf jafn þægilegt. Nýjar myndir og myndabrot birtast í sífellu, brjótast kannski gegnum talaðar hugsanir, skynjanir eða aðrar myndir. Stundum birtast fullsköpuð verk alveg ljóslifandi.


several — with its basic elements invisible or cryptic. The man thinks about the dream which merges with other events, composite or separate. Apparently, part of the mind works fairly independently, like a separate unit operating independently of other parts of the body, but to varying degrees from one day to the next, on some days completely out of control or independent. It processes the information relayed by the perceptive channels and stored in the memory bank in the brain: all kinds of facts, scents, images, sounds, mixed with feelings of varying strength and clarity that arrive from somewhere in the depths. The mind works with these pieces, arranging them and testing out various configurations. Depending on the day, this varies in the time it takes and in its intensity. Nor is it always equally comfortable. New images and fragments of images are continually appearing, perhaps breaking through spoken thoughts, perceptions or other images. Sometimes fully created works appear, as clear as day.






Yfirlit frá sýningu, Norræna húsið, Reykjavík, 1990 / Photograph of exhibition, Nordic House, Reykjavík, 1990





Teikning / Drawing
Blýantur á oliulit á striga / Pencil on oils on canvas
21 x 30 cm, 1991



Útsaumur / Embroidery
Útsaumsgarn á striga / Yarn on canvas
49 x 28 cm, 1992




Skúlptúr / Sculpture

Viður, fataló, neglur, karton, blýantur, litur, sígarettustubbar, útsaumsgarn, dauðar flugur, plast /
Wood, fluff, nails, card, pencil, crayon, cigarette butts, yarn, dead flies, plastic


25 x 48 x 30 cm, 1993-94



Skúlptúr / Sculpture
Steypa, olíulitur, ljósmyndir / Concrete, oils, photographs
40 x 13 x 14 cm, 1994




Ótsaumur / Embroidery
Ótsaumsgarn og olíufúlitur á léreft / Yarn and oils on canvas sheet
28 x 71 cm (heild / total), 1993




Útsaumur / Embroidery
 Útsaumur á lérefti / Embroidery on canvas sheet
 30 x 71 cm (heild / total), 1992






Nafnlaust / Untitled
Vatnslitur á pappír / Watercolours on paper
60 x 196 cm (heild / total), 1991





Nafnlaust / Untitled
Varnslitir á pappír / Watercolours on paper
38 x 168 cm (heild / total), 1991



Teikning / Drawing
Blyantur á oliulit á striga / Pencil on oils on canvas
21 x 30 cm, 1991



Útsaumur / Embroidery
Útsaumsgarn og olíulitur á léreft / Yarn and oils on canvas sheet
28,0 x 22,0 x 2,0 cm, 1991-92




Skúlpúr / Sculpture

Steypa, karton, gvass, pastellitur, viður / Concrete, card, gouache, pastels, wood
20 x 60 x 23 cm, 1994



Skúlptúr / Sculpture
Járn, ljósmyndir á karton, blýantur / Iron, photographs on card, pencil
36 x 56 x 34 cm, 1994



Teikning / Drawing
Blýantur á olíulit á striga / Pencil on oils on canvas
21 x 30 cm, 1991



Nafilaust / Untitled
Vatnslitur á pappír / Watercolours on paper
32 x 25 cm, 1990

- 1972-73 Myndlistaskólinn í Reykjavík / Reykjavík
College of Art
- 1973-77 Myndlista- og handiðaskóli Íslands /
Icelandic College of Art and Craft, Reykjavík
- 1977-78 De Stichting de Vrije Academie voor Beeldende
Kunsten, Haag, Holland

Samsýningar / Joint exhibitions

- 1994 „SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR,“ Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir / Reykjavík
Municipal Art Museum
- 1992 „Det store i det små, tendenser i nordisk skulptur 1992,“ Århus Kunstforeningen af 1847, Århus
- 1992 Connecticut Artists, RAW, Hartford, USA
- 1992 Connecticut Artists, RAW, Hartford, USA
- 1991 „Icelandic Contemporary Art,“ All-Russian Decorative and Folk Art Museum, Moskva / Moscow
- 1991 Minningarsýning Ragnars í Smára, Listasafn ASÍ / Labour Unions' Art Gallery, Reykjavík
- 1990 Norræna húsið / Nordic House, Reykjavík
- 1990 „Ti fra Norden,“ Museet for Samtidskunst, Ósló / Oslo
- 1989 Hotel Pulitzer, Amsterdam
- 1989 „Aurora,“ Sveaborg, Helsinki
- 1988 „Maðurinn í forgrunni,“ Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir / Reykjavík Municipal Art Museum
- 1987 „KEX,“ Konst från Island och Norge, Kulturhuset, Stokkhólmur / Stockholm
- 1987 „KEX,“ Ung kunstnerens samfund, Ósló/Oslo
- 1987 „Íslensk abstraktmyndlist,“ Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir / Reykjavík Municipal Art Museum
- 1987 Gallery Leger, Malmö
- 1985 Mokka, Reykjavík
- 1984 Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland, Reykjavík
- 1984 „Foto som konst,“ Nordisk konstcentrum / Nordic Art Centre, Sveaborg, Helsinki
- 1984 Malmö Konsthall, Malmö
- 1984 Franklin Furnace, New York
- 1984 Basel Art Fair, Basel
- 1984 Sumarsýning Gangsins, Reykjavík
- 1984 „Icelandic Artists in Palazzo,“ Liestal, Sviss / Switzerland
- 1983 Norræna húsið / Nordic House, Reykjavík
- 1983 „Amsterdam-Reykjavík,“ Yfir hádegisbauginn, Museum Fodor, Amsterdam
- 1983 „Gullströndin andar,“ JL-húsinu, Reykjavík
- 1983 „UM 83,“ Kjarvalsstaðir, Reykjavík
- 1983 Kirkjulist, Kjarvalsstaðir, Reykjavík
- 1983 „Mobshop,“ Mokka, Reykjavík
- 1982 „Basel Art Fair,“ Basel
- 1980 „Iceland,“ Galleria Zona, Flórens / Florence
- 1979 Kjarvalsstaðir, Reykjavík
- 1978 Gallerí SÚM, Reykjavík
- 1977 Gallerí Suðurgata 7, Reykjavík
- 1976 Gallerí SÚM, Reykjavík

Einkasýningar / Solo exhibitions

- 1993 Vinnustofa Magnúsar Pálssonar, London
1993 Mokka, Reykjavík
1992 Galleri Rotor, Gautaborg / Gothenburg
1991 Forum d'Art Contemporain, Sierra, Sviss / Switzerland
1991 Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík
1989 Galleri Sævars Karls, Reykjavík
1988 Galleri Birgis Andréssonar, Reykjavík
1988 Krókur, Reykjavík
1988 Gangurinn, Reykjavík
1988 Galleri Gluggi, Akureyri
1988 Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík
1988 Slúnkaríki, Ísafjörður
1987 Galleri Svart á hvítu, Reykjavík
1986 Slúnkaríki, Ísafjörður
1986 Lenz-Rifrazioni, Parma, Ítalía / Italy
1985 Gangurinn, Reykjavík
1984 Halle de L'Île, Genf / Geneva
1983 Studio Arti Visive, Siracusa, Ítalía / Italy
1983 Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík
1981 Ásmundarsalur, Reykjavík
1979 Galleri Suðurgata 7, Reykjavík

Verk í opinberri eigu/Works in public collections

- Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland, Reykjavík
Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum, Kjarvalsstaðir
Museum d'Art Decoratif, Genf, Sviss / Geneva
Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík

Guðrún Jónsdóttir, formaður / chairman

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tumi Magnússon

Selma Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavík Municipal Art Museum

Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun / Photography

Ingólfur Arnarson

Russel S. Kimbal

Þýðing / Translation

Bernard Scudder

Yfirlestur handrita / Proofreading and editing

Bernard Scudder

Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production

Anna Margrét Bjarnadóttir

Hönnun sýningarskrár / Catalogue design

Hildigunnur Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla / Colour separation and montage

Prentmyndastofan hf

Prentun og bókbund / Printing and bookbinding

G. Ben. Prentstofa hf

Útgefandi / Publisher

Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Kristinn G. Harðars